



Rekstrarstöðvunartrygging

- Vegna véla -

Vátryggingarskilmálar nr. ER40

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ER40.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Yfirlit yfir útreikning vátryggingarfjárhæðar.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Áhættubreyting
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Eigin áhætta
13. Ákvörðun bóta
14. Undirtrygging
15. Tvítrygging
16. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. Bótasvið

- 3.1 Vátryggingin bætir rekstrartap sem vátryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á vátryggingartímabilinu vegna bilunar þeirrar vélar sem sem tilgreind er á vátryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittun og leiðir til samdráttar í sölu, vöru eða þjónustu vátryggðs..

- 3.2 Það er skilyrði bótaskyldu skv. gr. 3.1 að fyrir hendi sé vélatrygging hjá félaginu sem bæti það tjón sem olli rekstrarstöðvuninni.

Vátryggingin bætir ekki:

- 3.5 Aukið rekstrartap sem hlýst af verkbandi, verkfalli, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- 3.6 Aukið rekstrartap sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða vegna breytinga á markaðsstöðu vátryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðenda varðandi notkun, meðhöndlun og viðhald vélarinnar.
- 5.2 Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.



7. Áhættubreyting

- 7.1 Vátryggður skal tilkynna félaginu án ástæðulauss dráttar verði breyting á þeirri rekstraráhættu sem vátryggð er, svo sem:
- 7.1.1 Aukningu á upphaflegri áhættu.
- 7.1.2 Hvers konar breytingar á og viðbætur við hina vátryggðu vél.
- 7.1.3 Fráhvarf frá fyrirfram ákveðnu vinnufyrirkomulagi sem veldur því að hætta á truflun eða tjóni eykst.
- 7.1.4 Breytingar á hagsmunum vátryggingartaka, t.d ef fyrirtækið stöðvar rekstur, hættir eða er tekið til gjaldþrotaskipta.
- 7.2 Vanræksla á tilkynningu um ofangreind atriði getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 24. gr laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónaraðila hinna vátryggðu véla og búnaðar.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

11. Vátryggingarfjárhæð

- 11.1 Vátryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri framlegð vátryggðs á vátryggingartímabilinu.
- 11.2 Framlegð er í skilmálum þessum skilgreind sem rekstrartekjur vátryggingartímabilsins að frádreginni vörunotkun, breytilegum launakostnaði, öðrum breytilegum kostnaði og birgðabreytingu fullunninna vara ef við á. Yfirlit yfir útreikning framlegðar skal gert af vátryggðum og samþykkt af báðum aðilum.

- 11.3 Rekstrartekjur eru í skilmálum þessum skilgreindar sem sala að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum fyrir vörur sem seldar eru (og afhentar) eða fyrir þjónustu sem veitt er með starfsemi á vátryggingarstað.
- 11.4 Breytilegur kostnaður er í skilmálum þessum skilgreindur sem þeir kostnaðarliðir sem breytast í réttu hlutfalli við rekstrartekjur og þarf því ekki að vátryggja, t.d. hráefniskaup, pökkun, flutningskostnaður o.fl. Sé hluta af vátryggingarfjárhæðinni ætlað að standa undir vinnulaunum bætir vátryggingin launagreiðslur að því marki sem vátryggingarskírteinið eða endurnýjunarkvittunin segir til um. Vátryggingarupphæðin fyrir laun skal nægja fyrir öllum launagreiðslum sem ekki teljast til stjórnunarlauna samkvæmt bókhaldi félagsins, þ.m.t. launatengdum gjöldum. Breytilegur kostnaður skal koma fram á yfirliti.
- 11.5 Við áætlun á framlegð, rekstrartekjum og breytilegum kostnaði er byggt á ársreikningi síðasta rekstrarárs hins vátryggða eða árshlutauppgjöri og áætlun um breytingar á vátryggingartímabilinu.
- 11.6 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sundurlíðuð vátryggingarfjárhæð kemur fram á yfirliti yfir útreikning vátryggingarfjárhæðar.

12. Eigin áhætta

- 12.1 Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Eigin áhætta er biðtími í dögum frá því að tjónsatburður varð nema annað sé tekið fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Biðtími er skilgreindur sem fyrstu dagar bótatímabils og ekki eru greiddar bætur fyrir þann tíma.

13. Ákvörðun bóta

- 13.1 Félagið greiðir bætur í þann tíma sem kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, en þó aldrei fyrir lengra tímabil en fyrirtækið er stöðvað að meira eða minna leyti.
- 13.2 Tjónið nemur mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur annars vegar og hins vegar raunverulegri framlegð á bótatímabilinu.
- 13.3 Bætur eru aðeins greiddar fyrir það raunverulega tjón sem orðið hefur á bótatímabilinu að svo miklu leyti sem vátryggingin nær til og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem átt hefur sér stað.
- 13.4 Sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi vátryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en



bótatímabil sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað vátryggðs.

- 13.5 Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem vátryggður ræður ekki við greiðast bætur samkvæmt gr. 13.2, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en bótatímabil sem fram kemur á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.6 Bætur geta aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

14. Undirtrygging

Sé vátryggt undir verði lækka bætur fyrir rekstrar-stöðvun í sama hlutfalli.

15. Tvítrygging

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

16. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingaskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006